

## EBITDA 40 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi

- Vöxtur í tekjum og EBITDA framlegð í samræmi við áætlanir-
- Fjármagnsliðir munu lækka umtalsvert á þriðja ársfjórðungi-
- Tap tímabilsins 39 milljónir evra vegna hárra fjármagnsliða-

### Helstu atriði úr uppgjörinu

Tekjur á fyrsta ársfjórðungi námu 440,8 milljónum evra (1F 2007: 306,2 milljónir evra), sem er 44% tekjuaukning á milli ára. Undirliggjandi vöxtur<sup>1</sup> samstæðunnar er um 10% á fjórðungnum og í samræmi við áætlanir stjórnenda. Góður árangur náðist í Bandaríkjunum og Kanada, minni vöxtur varð í Bretlandi en búist var við en allar aðrar einingar félagsins skiluðu vexti og afkomu eins og búist var við. Helstu tölur úr uppgjörinu eru:

Milljónir evra	1F 2008	1F 2007	Breyting %
Heildartekjur	440.777	306.192	44%
Rekstrargjöld	423.137	294.660	44%
EBITDA	39.715	25.519	56%
EBITDA %	9,0%	8,1%	11%
Tap eftir skatta	38,9	5,6	595%

Starfsemi Eimskips skiptist í tvær meginstoðir; flutningastarfsemi (sjóflutningar og tengdir flutningar) og hinsvegar rekstur kæli og frystigeymslna (einnig tengdir flutningar).

- Tekjur af flutningastarfsemi námu 149,2 milljónum evra á fjórðungnum (1F 2007: 131 milljón evra) og undirliggjandi tekjuvöxtur nam tæpum 14%, sem skýrist m.a. af góðum rekstri á Norður Atlantshafs og Eystrasaltssvæðinu.
- Tekjur af rekstri kæli og frystigeymslna námu 294,2 milljónum evra á fjórðungnum, sem endurspeglar um 9% undirliggjandi tekjuaukningu milli ára.
- Rekstrargjöld á tímabilinu námu 423,1 milljónum evra (1F 2007: 294,7 milljarðar evra) og jukust um 43,6% milli ára, í kjölfar kaupa á Versacold sem ekki var hluti af samstæðunni á 1F 2007.
- Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) nam 39,7 milljónum evra á fjórðungnum (1F 2007: 25,5 milljónir evra) og jókst því um 55,6% á milli ára. Framlegðarstig hefur einnig aukist og er nú 9,0%, í samræmi við áætlanir stjórnenda.
- Tap eftir skatta var 38,9 milljónir evra, samanborið við 5,6 milljóna evra tap 1F 2007. Tap á tímabilinu skýrist af háum fjármagnsliðum en stefnt er að sölu eigna á öðrum ársfjórðungi sem mun bæði lækka vaxtakostnað félagsins umtalsvert og minnka gengisáhættu vegna skulda í bandaríkjadal sem m.a. orsakar gengissveiflu á tímabilinu.
  - Heildarfjármagnskostnaðar er 39,1 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi félagsins en eignasala á 2F mun skila verulegri lækkun á vaxtakostnaði frá og með 3F 2008.
  - Gengistap var 17,9 milljónir evra á fjórðungnum.

Stefán Ágúst Magnússon, forstjóri Eimskips, um uppgjörið:

“Árið fer ágætlega af stað hjá okkur og ánægjulegt að sjá góðan árangur í Norður Ameríku, eins er okkur að ganga vel að byggja upp starfsemi okkar í Asíu. Þá eru tekjur og framlegð í samræmi við okkar væntingar og munum við sjá hvorutveggja aukast á síðari hluta ársins. Fjármagnsliðir hafa mikil áhrif á afkomu félagsins á tímabilinu en við stefnum að því að ljúka sölu eigna í Norður Ameríku á öðrum ársfjórðungi, sem mun lækka vaxtakostnað félagsins umtalsvert.

Samhliða undirliggjandi vexti samstæðunnar munum við halda áfram að samþætta starfsemina og ná fram samlegðaráhrifum frá nýlegum fyrirtækjakaupum.”

<sup>1</sup> Pro forma undirliggjandi vöxtur sýnir undirliggjandi vöxt samstæðunnar miðað við fyrsta ársfjórðung 2007 á stöðugu gengi.  
Afkomutilkynning 1F 2008

### Tekjur

Heildartekjur á fjórðungnum jukust um 44% í 440,8 milljónir evra (1F 2007: 306,2 milljónir evra) og skýrist aukningin m.a. af innkomu Versacold á síðari hluta ársins 2007. Undirliggjandi vöxtur á fjórðungnum nam 4% á föstu gengi og er í samræmi við væntingar stjórnenda. Góður árangur náðist í Bandaríkjunum og Kanada, minni vöxtur varð í Bretlandi en búist var við en allar aðrar einingar félagsins skiluðu vexti og afkomu eins og búist var við. Til að einfalda greiningu á starfsemi félagsins er fjárhagsupplýsingum um félagið skipt í tvær meginstöðir; flutningastarfsemi og rekstur kæli og frystigeymslna. Undir hvort tveggja falla síðan markaðssvæði sem fjallað er nánar um og gefin innsýn inn í tekjuþróun og helstu tíðindi á hverju svæði fyrir sig. Fyrir hvert af fimm markaðssvæðum félagsins er forstjóri, sem situr í framkvæmdastjórn samstæðunnar.

Flutningastarfsemi félagsins felst m.a. í áætlunarsiglinum á Norður Atlantshafi og Norður Evrópu inn á Eystrasaltssvæðið, Rússland, Ítalía og Spánn. Starfsemi Eimskips á Íslandi, Eimskips í Noregi, Faroe Ship í Færeyjum og Containerships í Finnlandi falla öll undir flutningastarfsemi félagsins.

Rekstur kæli- og frystigeymslna felst í rekstri kæli- og frystigeymslna í Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi, Hollandi, Argentínu, Ástralíu, Nýja Sjálandi og Kína ásamt flutningum tengdum geymslunum. Starfsemi Versacold og Atlas, Innovate, Daalimpex og Eimskips í Kína fellur undir þetta svið.

**Tekjur af flutningastarfsemi** námu 149,2 milljónum evra í fjórðungnum (1F 2007: 131 milljón evra). Þetta samsvarar tæplega 14% undirliggjandi vexti í fjórðungnum. Öflugur vöxtur á tímabilinu skýrist m.a. af góðum rekstri á Norður Atlantshafs og Eystrasaltssvæðinu. Helstu markaðssvæði sem falla undir flutningastarfsemi eru eftirfarandi:

- **Tekjur frá Norður Atlantshafi** (Ísland, Færeyjar og Noregur) eru 78,2 milljónir evra (1F 2007: 69,8 milljónir evra) og endurspeglar um 12,1% vöxt á milli ára.
- **Tekjur frá Eystrasaltsríkjum og Rússlandi** námu 51,8 milljónum evra (1F 2007: 50,1 milljónum evra).

**Tekjur af rekstri kæli og frystigeymslna (einnig flutningar því tengt)** námu 294,2 milljónum evra, sem endurspeglar um 9% undirliggjandi vöxt milli ára. Góður árangur náðist í Bandaríkjunum Kanada og Asíu. Undir þessa starfsemi koma tekjur frá Atlas coldstores (Kanada), Versacold (Kanada), Innovate (Bretland) auk Daalimpex (Holland) og Eimskip í Kína. Eimskip er stærsta félag heims í rekstri kæli og frystigeymslna með um 180 frystigeymslur í rekstri og um 13% markaðshlutdeild á heimsvísu. Helstu markaðssvæði eru eftirfarandi:

- **Tekjur frá Americas** (Bandaríkin, Kanada, Ástralía og Nýja Sjáland) námu 203,2 milljónum evra (1F 2007: 84,8 milljónum evra), sem er 139,7% vöxtur milli ára.
- **Tekjur frá Evrópusviði** (bæði flutningar og rekstur kæli og frystigeymslna í Bretlandi, Danmörku, Svíþjóð, Þýskaland, Ítalía og Spánn) námu 95,4 milljónum evra (1F 2007: EUR 104,0 milljónir evra), sem er samdráttur um 8,3% milli ára.
- **Tekjur frá Asíu** námu 14,8 milljónum evra á fjórðungnum (1F 2007: 5,9 milljónir evra), sem er tæplega þreföldun á milli ára.

### Rekstrargjöld

Rekstrargjöld á fyrsta ársfjórðungi voru 423,1 milljónir evra (1F 2007: 294,7 milljónir evra) og hafa hækkað um 43,6% á milli ára, samhliða auknum umsvifum. Hlutfall kostnaðar af tekjum hefur hinsvegar lækkað og er 95,9% í samanburði við 96,2% á fyrsta ársfjórðungi 2007.

### EBITDA & EBIT

Hagnaður félagsins fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði („EBITDA“) jókst um 56% í 39,7 milljónir evra á fjórðungnum (1F 2007: 25,5 milljónir evra). EBITDA framlegðin var 9,0% á fjórðungnum en hún var 8,1% á fyrsta fjórðungi ársins 2007. Hagnaður fyrir skatta og fjármagnsliði („EBIT“) var 2,9% af tekjum og var 12,9 milljónir evra í fjórðungnum.

### Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir námu 57,1 milljónum evra á fjórðungnum (1F 2007: 16,6 milljónir evra) og er stærsti kostnaðarliðurinn vaxtakostnaður af lánum félagsins, sem nam 29,9 milljónum evra á tímabilinu. Gengistap á fjórðungnum nam 17,9 milljónum evra samanborið við 13,0 milljóna gengishagnað á fjórða ársfjórðungi 2007. Þá var kostnaður að upphæð 9,2 milljóna evra færður til gjalda á fjórðungnum vegna greiðslu skulda í Versacold. Um helmingur af vaxtaberandi skuldum samstæðunnar eru fasteignalán vegna fasteigna félagsins í Norður Ameríku. Þegar sölu fasteigna er lokið, sem stefnt er að fyrir lok annars ársfjórðung, verða þessar skuldir greiddar upp sem leiðir til mikilla lækkunar í fjármagnskostnaði og hærra eiginfjárlutfalls. Áætlað er að fjármagnskostnaður lækki umtalsvert í kjölfarið.

## Tap fjórðungsins

Tap eftir skatta var 38,9 milljónir evra á fjórðungnum (1F 2007: 5,6 milljónir evra). Tekjur og EBITDA eru í samræmi við væntingar stjórnenda en hár vaxtakostnaður og gengistap gera það að verkum að tap er á rekstri félagsins á tímabilinu. Í kjölfar sölu fasteigna á öðrum ársfjórðungi mun vaxtakostnaður minnka verulega og lán í bandaríkjadal lækka.

## Skattar

Gjaldfærðir skattar félagsins á fyrsta ársfjórðungi voru 5,4 milljónir evra og virkt skatthlutfall 12,2%. Megin skýring lægra skatthlutfalls í samanburði við fyrri ársfjórðunga er tengt ófrádráttarbærum gengishagnaði í dótturfélögum í Kanada.

Ársfjórðungayfirlit í þúsundum evra	1F 08	4F 07	3F 07	2F 07	1F 07
Rekstrartekjur	440.777	502.154	318.930	316.452	306.192
Rekstrargjöld	-423.137	-480.023	-297.153	-300.366	-294.660
Rekstrarhagnaður	17.640	22.131	21.777	16.086	11.532
EBITDA	39.715	43.474	31.551	24.592	25.519
Fjármagnsliðir	-57.143	-20.521	-14.493	-14.116	-16.581
Áhrif dótturfélaga	-86	142	18.725	210	689
Hagnaður (tap) fyrir skatta	-44.318	-2.582	19.132	-4.590	-4.267
Skattar	5.429	-1.573	70	2.134	1.074
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<b>-38.889</b>	<b>-7.770</b>	<b>14.133</b>	<b>-9.843</b>	<b>-5.621</b>

## Eignir og skuldir

Heildareignir félagsins námu 2,209 milljónum evra í lok fyrsta ársfjórðungs (2007: 2.469 milljónir evra), sem er lækkun um 260 milljónir evra frá fyrra ári. Þessi lækkun skýrist m.a. af sölu eigna í North America, sem nam 205 milljónum evra. Heildarskuldir námu 1,789 milljónum evra í lok fjórðungsins (1F 2007: 2,017 milljónir evra). Eins og áður hefur komið fram mun sala eigna hafa talsverð áhrif á efnahagsreikning félagsins frá og með lokum annars ársfjórðungs 2008.

## Eigið fé

Í lok fyrsta ársfjórðungs nam eigið fé 419,9 milljónum evra samanborið við 451,3 milljónir í lok árs 2007. Eiginfjárlutfall er því 19,0% í lok tímabilsins. Lækkun á eigin fé skýrist m.a. af tapi félagsins á fjórðungnum, virðisrýrnum á eignarhlut félagsins í Icelandic Group að upphæð 5,1 milljón evra og þýðingarmunur vegna dótturfélaga að upphæð 10,8 milljón evra er jákvæður.

## Veltufé frá rekstri

Veltufé frá rekstri var 13,5 milljónir evra í fjórðungnum (1F 2007: neikvæðar um 2 milljónir evra). Rekstrartengdar eignir umfram skuldir drógust saman um 72,1 milljón evra í fjórðungnum. Þessa minnkun má m.a. skýra með greiðslu til Eimskips vegna sölu á flugrekstri að upphæð um 60 milljónum evra.

## Sjóðsstreymi

### Fjárfestingahreyfingar

Heildarfjárfestingahreyfingar í fjórðungnum eru jákvæðar um 127,4 milljónum evra (1F 2007: neikvæðar um 247,2 milljónir evra). Helstu fjárfestingar felast í kaupum á einu frystiskipi og öðrum rekstrartækjum. Söluverð eigna nam 219,2 milljónum evra vegna sölu í Kanada.

### Fjármögnunarhreyfingar

Heildarfjármögnunarhreyfingar í fjórðungnum að teknu tilliti til sölu eru neikvæðar um 237,5 milljónir evra og lækkaði handbært fé um 24,5 milljónir evra á tímabilinu. Handbært fé var 51,8 milljónir evra í lok tímabilsins.

## Helstu atburðir á fyrsta ársfjórðungi

---

### Sjötta skrifstofan opnar í Asíu

Í byrjun nóvember opnaði Eimskip sína fyrstu skrifstofu í Víetnam sem er jafnframt sjötta skrifstofan sem Eimskip opnar í Asíu á síðustu misserum. Eimskip býður upp á alhliða flutningsþjónustu til fyrirtækja á víetnömskum markaði. Meðal þjónustupáttanna í boði má nefna umboðsþjónustu í skipaflutningum, innflutnings og útflutningsþjónustu, ásamt þjónustu á sviði hitastýrðra flutninga. Gríðarlegur vöxtur er í flutningastarfsemi í Víetnam og hefur sjávarútvegurinn verið að margfalda umsvif sín þar á síðustu árum.

### Samið um umfangsmikla flutninga

Í nóvember sömdu Alcoa Fjarðaál og Eimskip um að Eimskip sjái um flutning á rúmlega 220.000 tonnum, þar af innflutning á 180.000 tonnum og útflutning á 40.000 tonnum á ári, fyrir Alcoa Fjarðaál. Um er að ræða alla flutninga á rafskautum fyrir álver Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Jafnframt hafa félögin náð samkomulagi um 40.000 tonna álflutninga til Bandaríkjanna og er því samtals um að ræða 260.000 tonna flutninga á ári.

Þessi samningur kemur í beinu framhaldi af samningi sem félögin gerðu með sér fyrr á árinu og var kynntur í febrúar síðastliðnum. Þá var samið um að Eimskip annist alla skipaafgreiðslu fyrir Fjarðaál í Reyðarfirði. Í þeim samningi felst uppskipun á 690.000 tonnum af súráli og öllum aðföngum til álframleiðslu, svo og á allri lestun áls sem nemur 346.000 tonnum á ári. Í heild er því umfang samningsins 1.300.000 tonn á ári, sem fara munu í gegnum Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði.

### Fimmta nýja frystiskiptið afhent

Í desember tók Eimskip í Noregi við nýju frystiskipi, Holmfoss, sem er fimmta nýja frystiskiptið sem félagið fær afhent á rúmlega tveimur árum. Sjötta frystiskiptið er í smíðum fyrir félagið. Afkastageta Eimskip-CTG meira en tvöfaldast með tilkomu nýju skipanna og er félagið nú með einn yngsta flota frystiskipa í heimi. Holmfoss, nýja frystiskiptið er blanda af frysti- og gámaskipi og er 82 metra langt og 16 metra breitt og er það sérstaklega styrkt til siglinga í ís. Hámarksganghraði þess er 16 sjómíllur á klukkustund og burðargeta er um 2.500 tonn.

### Nýtt og betra siglingakerfi

Eimskip tók upp nýtt siglingakerfi nú um áramótin sem leiðir til aukinnar flutningsgetu og er kerfið sniðið að þörfum viðskiptavina félagsins. Nýrri siglingaleið, Austurleið, hefur verið bætt við núverandi Evrópuleiðir, Suðurleið og Norðurleið. Nýja siglingakerfið tryggir tíðari flutninga, traustari þjónustu og meiri áreiðanleika fyrir viðskiptavinum Eimskips.

## Framtíðarhorfur

---

Á fjárhagsári Eimskips 2008 er búist við því að heildartekjur nemi allt að 1,9 milljörðum evra, sem endurspeglar um 30% heildarvöxt á milli ára. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) mun aukast um allt að 45% frá fyrra ári eða sem nemur um 9,5% framlegð í hlutfalli við heildartekjum.

## Uppgjörsaðferðir og endurskoðun

---

Árshlutareikningur Hf. Eimskipafélags Íslands hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur völd, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Ársreikningar dótturfélaga eru innifaldir í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra, er felldur út í samstæðureikningnum.

## Kynning á uppgjörinu

---

Kynningarfundur verður haldinn fyrir fjárfesta, hluthafa og aðra markaðsaðila í höfuðstöðvum félagsins í Sundakletti kl. 8:30, á morgun þann 14. mars. Stefán Ágúst Magnússon, forstjóri félagsins, mun kynna afkomu félagsins og svara spurningum. Kynningarefni verður aðgengilegt á heimasíðu félagsins [www.eimskip.is](http://www.eimskip.is) fyrir fundinn.

Upplýsingar um uppgjörið veita:

Halldór Kristmannsson  
Framkvæmdastjóri Samskiptasviðs Eimskips  
Sími: 525 7000 / 825 7221  
Póstfang: [halldor.kristmannsson@eimskip.is](mailto:halldor.kristmannsson@eimskip.is)

Dögg Hjaltalín  
Forstöðumaður fjárfestatengsla  
Sími: 525 7225 / 825 7225  
Póstfang: [dogg@eimskip.is](mailto:dogg@eimskip.is)

Rekstrarreikningur (milljónir EUR)	Q1 2008	Q1 2007	Breyting %
Rekstrartekjur	440,8	306,2	44,0%
Rekstrargjöld	-423,1	-294,7	43,6%
Rekstrarhagnaður	17,7	11,5	53,9%
Aðrar tekjur	2,6	9,2	-71,7%
Stjórnunarkostnaður	-7,3	-9,1	-19,8%
Rekstrarhagnaður	13,0	11,6	12,1%
Fjármagnsliðir, nettó	-57,3	-15,9	260,4%
Tekjuskattur	5,4	1,1	390,9%
Tap af áframhaldandi starfsemi	-38,9	-3,2	1115,6%
Tap af aflagðri starfsemi	0,0	-2,4	-100,0%
<b>Afkoma tímabils</b>	<b>-38,9</b>	<b>-5,6</b>	<b>594,6%</b>

Eignir (milljónir EUR)	Q1 2008	Q1 2007	Breyting %
Viðskiptavild	435,2	436,7	-0,3%
Aðrar óefnislegar eignir	145,4	93,6	55,3%
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.098,7	1.287,5	-14,7%
Hlutadeildarfélög og fjárfestingar	128,0	68,7	86,3%
Tekjuskattsinn eign	18,1	42,2	-57,1%
Fastafjármunir	1.825,4	1.928,7	-5,4%
Birgðir	9,9	8,3	19,3%
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	321,8	452,0	-28,8%
Handbært fé	51,9	79,7	-34,9%
Veltufjármunir	383,6	540,0	-29,0%
<b>Samtals eignir</b>	<b>2.209,0</b>	<b>2.468,7</b>	<b>-10,5%</b>

Eigið fé (milljónir EUR)	Q1 2008	Q1 2007	Breyting %
Hlutafé	21,9	21,9	0,0%
Yfirverðsreikningur hlutafjár	448,5	448,5	0,0%
Varasjóðir	-105,0	-110,6	-5,1%
Óráðstafað eigið fé	39,6	79,0	-49,9%
Hlutdeild minnihluta	14,9	12,5	19,2%
<b>Samtals eigið fé</b>	<b>419,9</b>	<b>451,3</b>	<b>-7,0%</b>

Skuldir (milljónir EUR)	Q1 2008	Q1 2007	Breyting %
Breytanlegt lán	70,7	76,5	-7,6%
Lántökur	1.048,2	1.163,4	-9,9%
Skuldbindingar og aðrar skuldir	50,7	55,2	-8,2%
Tekjuskattsskuldbinding	135,6	178,3	-23,9%
Langtímaskuldir	1.305,2	1.473,4	-11,4%
Lántökur	208,0	239,2	-13,0%
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímakröfur	275,9	304,8	-9,5%
Skammtímaskuldir samtals	483,9	544,0	-11,0%
<b>Samtals skuldir</b>	<b>1.789,1</b>	<b>2.017,4</b>	<b>-11,3%</b>